Ferðatæki
í sér klassa
á hálfvirði

Verð frá kr.
154.714
til
175.980

Þessi tæki kostuðu
300-400
þúsund kr.



Radio BÚÐIN

Skipholti 19 Sími 29800

Æskulýðsráð
Styrkir

1. NÝJUNGAR Í STARFI ÆSKULÝÐSFÉLAGA

Æskulýðsráð Reykjavíkur veitir nokkra styrki til þeirra æskulýðsfélaga, er hyggja á nýjungar í starfi sínu í ár. Umsóknir um slíka styrki, með ítarlegri greinargerð um hina fyrirhuguðu tilraun eða nýbreytni, óskast sendar framkvæmdastjóra ráðsins, Frikirkjuvegi 11, fyrir 27. apríl næstkomandi.

2. UNGLINGASKIPTI.

Æskulýðsráð Reykjavíkur mun í ár veita nokkurn fjárstyrk til félagahópa, er fyrirhuga unglingaskipti við útlönd sumarið 1979. Slíkur styrkur er bundinn því skilyrði, að um gagnkvæma starfsemi sé að ræða, þ.e. samvinna við erlend samtök, er síðan senda unglinga til Reykjavíkur. Upphæð fer eftir fjölda umsókna. Umsóknir með nákvæmum upplýsingum um þátttakendur, erlendan samstarfsaðila og ferðaáætlun, sendist skrifstofu Æskulýðsráðs Reykjavíkur fyrir 27. apríl 1979.

Æskulýðsráð Reykjavíkur,
Sími 15937.

Ásgeir 11

verkinu sem ég er að vinna við. Það er ósköp óþægilegt að þurfa sífellt að aka þessum stól aftur á bak og áfram, en geta ekki staðið við málverkið og stigið eitt eða tvö skref afturábak ef maður vill virða eitthvað sérstakt fyrir sér.

— Hefur þú nokkra hugmynd um hversu margar myndir þú hefur málað um dagana?

— Nei, Drottinn minn dýri! Það veit ég ekkert um. Framan af ævi eyðilagði ég fjöldann allan af myndum, sem ég var ekki ánægður með. Ég hafði lengi þann sið, að ef mér líkuðu ekki myndir mínar, þá eyðilagði ég þær hreinlega.

— Var þér ekki sárt um myndir þínar, þótt þær væru kannski tilraunir, margar hverjar?

— Nei, mér var hreint ekkert sárt um þær. Ég hélt þeim sið í mörg herrans ár að henda myndum, sem ég var óánægður með. Þá komu reyndar stundum til mín menn sem hirtu það sem ég var búinn að fleygja og þannig er eitthvað til af myndum eftir mig frá þessum árum, í eigu einstakra manna, — myndir sem ég hafði verið búinn að henda.

„... og þar með var abstraktdellan hafin...“

— Nú stendur þú á áttræðu, Ásgeir. Hvernig er þér nú innanbrjósts, þegar þú lítur yfir þessi áttatíu ár?

Þau hafa satt að segja verið ákaflega misjöfn. Fyrstu árin voru óneitanlega býsna erfið. Ég var fátækur námsmaður, og það voru erfiðir tímar. Þegar ég kom fyrst til útlanda, var expressionisminn að ryðja sér til rúms, en ég ánetjaðist honum aldrei. Síðan reið yfir hver aldan á fætur annarri, — ein hringavitleysan annarri verri, þar á meðal vitleysan sem Spánverjinn Picasso er talinn upphafsmaður að. Picasso tók einu sinni strigatusku sem hann hafði notað til þess að þurrka af penslunum sínum á henni. Hann setti tuskuna í ramma og lét hana á málverkasýningu, sem hann hélt í París. Þessi sýning hans fékk ekkert sérlega góða dóma en einn spekinganna sem skrifuðu um sýninguna sagði samt að þar væri ein mynd mjög athyglisverð og nýstárleg . — Það var strigatuskan sem Picasso hafði þurrkað penslana með. Svona á maður að mála, sagði Picasso og þar með var abstraktdellan hafin.

Nú er þessi abstraktdella að ganga sér til húðar. Nú eru Ameríkumenn að taka forystuna á þessu sviði, — og þá stend ég allt í einu inni í miðri tískunni — á gamals aldri!

Gerði grín að erfiðleikunum

Ég spurði áðan hvernig þér væri innanbrjósts, en nú vil ég vera enn berorðari og spyrja: Ert þú sáttur við heiminn og lífið eins og það varð?

— Já, ég er sáttur við allt. Ég hef alltaf verið glaðlyndur og hef gjarna gert grín að erfiðleikunum, þegar þeir hafa sótt mig heim. Þegar ég sá ekki fram úr peningavandræðum í gamla daga, hafði ég þann sið að fara út á götu, ganga þar fram og aftur og raula eitthvert lag fyrir munni mér. Ég fékk svo innblástur af öllu saman og hætti ekki fyrr en ég hafði búið til alls konar tilbrigði af laginu, sem ég var að raula — heilt tónverk! Að þessum gönguferðum loknum fór ég heim til mín og var þá hinn rólegasti.

Ég er ósköp feginn að mega bráðum fara héðan. Þess verður heldur ekki svo mjög langt að bíða, því að mér fer snöggt aftur núna á tiltölulega skömmum tíma. Og þeim áfanga kvíði ég ekki því ég veit með vissu að við lifum, þótt þessari jarðvist ljúki. — Ég er að vísu ekki skyggn, en ég hef orðið fyrir margvíslegum áhrifum og margoft talað við framliðna menn, þeirra á meðal Einar Benediktsson skáld. Hann var mikið með mér fyrst eftir að jarðlífi hans lauk, og ég talaði við hann eins og ég tala við þig núna. Ég þurfti ekki annað en að hugsa, Einar vissi hugsanir mínar og svaraði mér.

— Þú segist ekki kvíða dauðanum, af því að þú vitir að við lifum áfram. En heldur þú þá að næsta líf verði eitthvað skárra en þetta sem við erum að basla við núna?

— Það veit ég ekkert um. En ég held að það verði bara beint framhald af þessu lífi og mjög líkt því sem við yfirgefum hér. Ég held líka, að þar farnist okkur mest eftir því hvernig við erum úr garði gerð og að velferðin byggist aðallega á viðleitni sjálfra okkar. —VS

Útboð

Byggingarnefnd Félagsheimilisins Hlaðir á Hvalfjarðarströnd óskar eftir tilboðum í eftirtalda verkhluta, allt efni og vinna innifalin:

1. Glerullareinangrun, afréttingargrind og rakavarnarlag í samkomusal.
2. Innréttingar í samkomusal og leiksvið.
3. Afgreiðsluborð, þiljur o.fl.

Útboðsgagna má vitja þriðjudaginn 3. apríl á Teiknistofuna h.f. Ármúla 6 Reykjavík gegn 20 þús kr. skilatryggingu.

Hjólaskófla til sölu

18 tonna hjólaskófla árg. 1975 til sölu, í góðu ástandi. Gott verð og greiðsluskilmálar. Upplýsingar í síma 91-19460 og 91-32397 (kvöld og helgarsími)

VII Fulltrúa fundur Landssam taka Klúbbana



ÖRUGGUR AKSTUR


Sigurbjörn

Haldinn að Hótel Sögu dagana 5. og 6. apríl 1979.

DAGSKRÁ:

Fimmtudaginn 5. apríl
Kl.
12.00 Sameiginlegur hádegisverður á hótelinu. Ávarp: Hallgrímur Sigurðsson, framkv. stjóri Samvinnutrygginga.
13.00 Fundarsetning: Hörður Valdimarsson, form. LKL. ÖRUGGUR AKSTUR. Kosning fundarstjóra og ritara.
13.30 Ávarp: Biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson.
13.45 Ávarp: Steingrímur Hermannsson, dómsmálaráðherra. Fyrirspurnir. Umræður
14.15 Erindi I:: Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri UMFERÐARRÁÐS. „Úr réttunum í réttinn.“ Fyrirspurnir. Umræður.
15.00 Erindi II: Jóhannes Bergsveinsson, yfirlæknir. „Lyfjanotkun og bifreiðaakstur“. Umræður. Fyrirspurnir.
16.00 Kaffihlé.
16.30 Ársskýrsla stjórnar LKL ÖRUGGUR AKSTUR f. árin 1977-78: Hörður Valdimarsson. Umræður. Fyrirspurnir.
17.30 Kosning í nefndir fundarins: Umferðaröryggisnefnd. Fræðslu- og félagsmálanefnd. Allsherjarnefnd.
18.00 Kvöldverður á hótelinu. — Veiting SILFURBÍLS SAMVINNUTRYGGINGA í VII. sinn.
20.00 Útbýting tillagna. — Nefndarstörf á hótelinu.


Steingrímur


Óli H.

Föstudaginn 6. apríl.
09.00 Lok nefndarstarfa. — Frágangur tillagna.
10.00 Fundarframhald. FRÉTTIR AF STARFI Í HEIMAHÖGUM. Ársskýrslur klúbbanna fluttar af fulltrúum þeirra. — Fyrirspurnir.
12.00 Hádegisverður á hótelinu.
13.30 ÁREIÐ: Vettvangsganga upp á Reykjanesbraut undir leiðsögn frá Vegagerð ríkisins.
14.00 NEFNDIR SKILA STÖRFUM: Formenn nefndanna eða framsögumenn þeirra. Umræður.
15.30 Kaffihlé.
16.00 Framhaldsumræða um tillögurnar.
18.00 Endanleg samþykkt tillagna.
19.00 Fundarslit. — Stjórnarkjör. Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.


Jóhannes